

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

26.4.2019
2019-04-64/0.11.1

Efni: Umsögn um frv. um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum

Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum sem umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur til meðferðar (þingskjal 1235 á máli nr.775).

Landsnet hefur ekki fengið frumvarpið til umsagnar en telur í ljósi fyrri aðkomu rétt að skila inn umsögn að þessu sinni. Fyrri umsagnir Landsnets um frumvarpið eru reifaðar í greinargerð en þær hafa einkum lotið að breytingum á gildistíma áhlits, heimildum til ákvörðunar um endurskoðun auk gildistíma framkvæmdaleyfis. Að einhverju leyti hefur verið tekið tillit til athugasemda Landsnets en eftirfarandi eru athugasemdir Landsnets við einstakar greinar fyrirbyggjandi frumvarps:

3. gr. b Efni mats á umhverfisáhrifum.

Í greininni er lagt til að í mati á umhverfisáhrifum skuli greina, lýsa og meta, með tilliti til framkvæmdar, bein og óbein umtalsverð áhrif á tiltekna umhverfisþætti. Í c-lið greinarinnar er m.a. að finna hugtakið víðerni en hugtakið er ekki skilgreint í lögnum. Í greinargerð kemur fram að víðerni séu hvorki tilgreind í núgildandi lögum um mat á umhverfisáhrifum né í tilskipun 2011/92/ESB en tekið fram að rétt þyki að bæta hugtakinu við upptalningu greinarinnar þar sem víðerni séu eitt af vemdarmarkmiðum 3. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013. Landsnet bendir á að í lögum um náttúruvernd, er notast við hugtakið „óbyggð víðerni“ auk þess sem í lögum um mat á umhverfisáhrifum er notast við hugtakið „ósnortin víðerni“ (2. viðauki liður 2 iii e). Þar sem verið er að gera lagalega kröfu um að meta áhrif framkvæmda á víðerni er mikilvægt að skýrt sé hvað átt er við með hugtakinu víðerni og að fyrir þurfi að liggja skýrar forsendur fyrir slíku mati, þ.e. upplýsingar um grunnástand víðerna.

Í tengslum við undirbúning að gerð Landsskipulagsstefnu 2015-2026 hefur umhverfisráðherra sett fram áherslur sem lagðar verða til grundvallar við mótun stefnu um skipulag með tilliti til landslags. Þar kemur meðal annars fram að í landsskipulagsstefnunni verði sett fram stefna og leiðbeiningar um skipulagsgerð með tilliti til landslags. Sérstaklega verði sett fram viðmið fyrir greiningu á óbyggðum víðernum. Landsnet telur að á meðan fyrirhuguð stefna og viðmið liggja ekki fyrir, verði mat á (óbyggðum) víðernum að grundvallast á fyrirbyggjandi gögnum og viðmiðum.

7. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 8. gr. laganna varðandi matsáætlun. Landsnet telur eðlilegt að í greininni sé tekið fram að með ákvörðun um matsáætlun liggja fyrir hvaða valkostir verði metnir í komandi umhverfismati. Mat á umhverfisáhrifum er ferli og hverju þrepi þess fylgir vinna sem þarf að framkvæma í ákveðinni tímaröð. Mati á umhverfisáhrifum valkosta sem eru með ólíka staðsetningu fylgja rannsóknir á aðskildum rannsóknarsvæðum. Því er mikilvægt að snemma í matsferlinu liggja ljós fyrir þau rannsóknarsvæði sem eru undir í matinu. Þótt matsáætlun sé bindandi þegar Skipulagsstofnun hefur tekið um hana ákvörðun þá eru oftast en ekki að koma fram hugmyndir um nýja valkosti síðar í ferlinu, til dæmis í athugasemdum við frummatsskýrslu. Ákvörðun um frekari valkosti getur raskað tímaáætlunum ef leggjast þarf í tímafrekar rannsóknir á nýju svæði, m.a. ef biða þarf hentugs árstíma til rannsókna.

11. og 25. gr.

Í 11. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 12. gr. laganna sem fjallar um endurskoðun umhverfismats. Landsnet hefur á fyrri stigum gert athugasemdir við að gerðar séu breytingar á gildistíma áhlits í mati á umhverfisáhrifum. Afstaða Landsnet til þessa er óbreytt þótt nú sé lagt til að álitid gildi í 7 ár í stað 5 ára í fyrri tillögu.

Á hinn bóginn telur Landsnet til bóta þá tillögu frumvarpsgreinarinnar að leggja á framkvæmdaraðila að skila greinargerð um breyttar forsendur umhverfismats ef lengri tími er liðinn en lög kveða á um. Hins vegar er orðalag frumvarpsgreinarinnar ruglingslegt hvað þetta varðar og hlutverk leyfisveitanda annars vegar og framkvæmdaraðila hins vegar ekki skýr. Þá er ekki horft til þess að gera ferlið eins skilvirkt og kostur er. Landsnet leggur því til að ef framkvæmdaraðili óskar leyfis eftir gildistíma áhlits beri honum sjálfum að senda Skipulagsstofnun beint beiðni ásamt gögnum.

Þessu tengt er í c-lið 2. töluliðar 25. gr. frumvarpsins lagt til að gildistími framkvæmdaleyfis verði tvö ár í stað 12 mánaða samkvæmt gildandi skipulagslögum nr. 123/2010. Landsnet telur að 2 ár séu of skammur gildistími framkvæmdaleyfis, en þau þurfi að gilda í 5 ár eigi markmiði um að framkvæmdaleyfi og kærur komi fram sem fyrst eftir að mati á umhverfisáhrifum lýkur. Við heildarendurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Landsnet lagt áherslu á aukna skilvirkni ferla án þess að dregið sé úr gæðum mats á umhverfisáhrifum. Hafa tillögur Landsnets byggst á því að samnýta núverandi ferla og þar með draga úr endurtekningu, bæta skilvirkni, skapa skilyrði til markvissari vinnu með valkosti og þróun aðalvalkostar og vinna heildstætt skipulag fyrir einstaka framkvæmdir þvert á sveitarfélög og færa kæranlega ákvörðun framar í ferlið.

Virðingarfyllt



Guðjón Axel Guðjónsson, lögfræðingur Landsnets.